

Nefndasvið Alþingis 9140  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 136/357*  
*komudagur 9.12.2008*

Reykjavík, 8. desember 2008  
/--

**Efni: Umsögn Skipulagsstofnunar um framkomið frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna kolvetnisstarfsemi, 152. mál.**

Texti bréfsins:

Vísað er til tölvupósts, dags. 3. des. sl., þar sem þess er óskað að Skipulagsstofnun veiti umsögn sína um framkomið frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna kolvetnisstarfsemi. Skipulagsstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir:

**13. gr. frumvarpsins:**

Skipulagsstofnun telur að rökstyðja þurfi á skýrari hátt þá tilhögun að stofnunin annist skipulagsgerð á svæðinu, hafi með höndum mat á umhverfisáhrifum og sé auk þess leyfisveitandi vegna framkvæmda á svæðinu, enda hlýtur sú tilhögun að mörgu leyti að teljast óeðlilegt. Í því sambandi er bent á að Skipulagsstofnun tekur ákvörðun um matsskyldu framkvæmda og hefur með höndum álitagerð vegna mats á umhverfisáhrifum. Gert er ráð fyrir að Skipulagsstofnun muni koma til með að veita framkvæmda- og byggingarleyfi vegna framkvæmda sem haft geta áhrif á hafsbótinn utan netlaga og innan íslensku mengunar- og efnahagslögsögunnar. Slíkt leyfi mun væntanlega m.a. byggja á álitum stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum, og kann sú framkvæmd að þykja óeðlileg. Það er að segja að Skipulagsstofnun veiti leyfi sem grundvallast m.a. á álitum og skipulagsgerð stofnunarinnar sjálfrar. Í ljósi þessa telur stofnunin því ástæðu til að gaumgæfa rækilega hvort aðrar leiðir séu færar en að hafa alla framangreinda þætti á hendi eins og sama aðilans.

**15. gr. og 16. gr. frumvarpsins:**

Samkvæmt þessum greinum er gert ráð fyrir að Skipulagsstofnun gefi út framkvæmda- og byggingarleyfi fyrir svæði á hafsbótinni utan netlaga en innan íslenskrar efnahagslögsögu og landgrunnsmarka. Stofnunin telur að taka þurfi nánari afstöðu til málsmeðferðar við útgáfu slíkra leyfa, eins og gert er í nágildandi 27. gr. skipulags- og byggingarlaga, varðandi framkvæmdaleyfi sem útgefið er af sveitarstjórn. Þar á meðal þarf að ákvarða hvort að Skipulagsstofnun sé skylt að auglýsa útgáfu byggingar- og framkvæmdaleyfa, hvort að heimilt sé að binda slík leyfi skilyrðum, hver sé gildistími slíkra leyfa og svo framvegis. Slíkt væri e.t.v hægt að útfæra með reglugerð.

Gert er ráð fyrir að Skipulagsstofnun skuli hafa eftirlit með leyfisskyldum framkvæmdum/starfsemi skv. þessum ákvæðum. Stofnunin telur að skýra þurfi nánar í hverju slíkt eftirlit skuli vera fólgið, meðal annars með hliðsjón af því að um starfsemi á hafi úti er að ræða, og ekki liggur ljóst fyrir hvort Skipulagsstofnun hafi bolmagn til að sinna slíku eftirliti.

Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson